

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings - 106 (29.1.2024) - Samráðsgátt. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Málsnúmer : 202401124

Málsaðili : Matvælaráðuneyti

Niðurstaða (stutt) : Í vinnslu

Fundardagur : 29.01.2024

Inngangur : Matvælaráðuneytið kynnir í Samráðsgátt drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu í samræmi við 11. gr. laga um landgræðslu. Frestur til athugasemda er 14. febrúar.

Niðurstaða : Matvælaráðuneytið kynnir í Samráðsgátt drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu í samræmi við 11. gr. laga um landgræðslu. Frestur til athugasemda er 14. febrúar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela verkefnastjóra umhverfismála að vinna drög að umsögn í samráði við formann ráðsins auk þess að fá umsagnir frá heimastjórnnum.

Þórhallur Borgarson leggur fram eftirfarandi bókun:

Við lestur á drögum að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu ásamt viðaukum er ljóst að um microstjórnun er að ræða. Ekki er tekið tillit til mismunandi aðstæðna eftir landshlutum. Eins er nauðsynlegt að kanna hvort að um svonefnda gullhúðun á regluverki sé að ræða.

Málið verði tekið fyrir að nýju.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.